



Kynjafræði

stjornmal.hi.is



- Aukagrein í grunnnámi (60e)
- Diplómanám í hagnýtri jafnréttisfræði (30e)
- Meistaránám í kynjafræði (120e)

Mikilvægt, hagnýtt og spennandi nám

Kynjafræði snýst um allan margbreytileikann. Nánast allt í veröldinni hefur kynjafræðilegar hliðar og fátt er fræðigreininni óviðkomandi. Kyn er grundvallarstærð í tilverunni rétt eins og kynhneigð, aldur, stétt, þjóðernisuppruni, fötlun og fleiri félagslegir áhrifaþættir. Allt þetta er viðfangsefni kynjafræðinnar. Að skoða veröldina frá sjónarmiði kyns og margbreytileika er eins og að horfa á heiminn í lit eftir að hafa séð hann í sauðalitunum. Kynjafræðin er mjög þverfræðileg og hagnýt grein. Eitt hlutverk hennar er að renna stoðum undir jafnréttisstarf í landinu og mæta þeim kröfum sem hið opinbera regluverk setur okkar. Til þess að jafnréttislög verði ekki dauður lagabókstafur þarf ekki einungis að hleypa lífi í umræðuna heldur einnig að ræða málin af þekkingu. Það gildir um þessa þekkingu eins og aðra að hún er sjaldnast meðfædd og því þarf markvissa jafnréttis- og kynjafræðslu. Slík fræðsla er lögboðin á öllum skólastigum, hún er nauðsynleg fyrir fjölmargar stéttir í samfélaginu, auk þess að vera gagnleg og skemmtileg fyrir alla sem vilja vinna að réttlæti, jafnrétti og lýðræðislegri þátttöku allra.

Fjarnám, skiptinám og framhaldsnám með starfi

Í mörgum námskeiðum kynjafræðinnar er boðið upp á fjarnám. Einnig er mjög algengt að nemendur í kynjafræði fari utan til náms. Háskóli Íslands er með samstarfssamninga við fjölda erlendra háskóla þar sem nemendur í HÍ geta stundað hluta af námi sínu.

Nemendur geta sótt um styrki í NORDPLUS og ERASMUS. Framhaldsnám í kynjafræði og hagnýtri jafnréttisfræði er skipulagt þannig að það sé hægt að stunda með starfi.

Fjölbreyttir atvinnumöguleikar

Námið veitir óteljandi möguleika og fólk með jafnréttis- og kynjafræðimenntun starfar við kennslu og fræðslustörf, fjölmiðla- og upplýsingastörf og sérhæfð verkefni í opinberri stjórnsýslu. Einnig starfa kynjafræðingar við verkefna- og starfsmannastjórnun, hjá hagsmunasamtökum og frjálsum félagasamtökum sem jafnréttisráðgjafar og sem sjálfstætt starfandi fræðafólk.

Hvernig er námið uppbyggt?

Aukagrein í grunnnámi

Námið er 60 einingar og veitir innsýn í grundvallarkenningar kynjafræðinnar og þverfræðilegt inntak þeirra. Ennfremur veitir það skilning á hvernig kyn tvinnað saman við aðra þætti eins og kynhneigð, fötlun, uppruna o.þ.h.

Diplómanám í hagnýtri jafnréttisfræði

Námið er 30 einingar og veitir hagnýta þekkingu og undirbúning fyrir störf að jafnréttismálum. Í framhaldi af diplómanáminu geta nemendur sótt um í meistaránámi í kynjafræði

Meistaránám í kynjafræði

Námið er 120 einingar og lýkur með 40-60 eininga meistararitgerð. Námið veitir fræðilega og hagnýta þekkingu til að takast á við kynjafræðileg viðfangsefni og undirbýr nemendur undir rannsóknir í greininni. Nemendur skulu hafa lokið BA-prófi frá Háskóla Íslands eða sambærilegu námi með fyrstu einkunn.



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

STJÓRN MÁLAFRÆÐIDEILD



Kynjafræði aukagrein í grunnnámi Skyldunámskeið:

Kynjamyndir og kynsli • (10e)

Kynjafræðikenningar • (10e)

Suðupottur fræðanna • (10e)

Annað eða bæði eftirfarandi námskeiða:

Hinseginlíf og hinseginbarátta • (6e)

Karlar og karlmennska • (6e)

Valnámskeið:

Kyn, fjölmenning og margbreytileiki • (6e)

Auk þess fjölbreytt valnámskeið innan félagsvísinda, hugvísinda og menntavísinda

Meistaránám í kynjafræði

Skyldunámskeið:

Almenn kynjafræði • (10e)

Kenningar í kynjafræði • (10e)

Hagnýting jafnréttisfræða: Frá bróðurparti til systkinalags • (10e)

Hagnýt tölfraði • (6e)

(fyrir þau sem vantar grunn í megindlegri aðferðafræði)

Eigindleg/megindleg aðferðafræði • (10e)

MA-ritgerð • (40-60e)

Valnámskeið:

Starfsnám í jafnréttisfræði • (10e)

Auk þess fjölbreytt úrval valnámskeiða innan félagsvísinda, hugvísinda og menntavísinda

Diplómanám í hagnýtri jafnréttisfræði Skyldunámskeið:

Almenn kynjafræði • (10e)

Hagnýting jafnréttisfræða: Frá bróðurparti til systkinalags • (10e)

Nemendur velja svo 10 einingar eftir áhugasviði úr miklum fjölda valnámskeiða



Umsóknarfrestir og nánari upplýsingar

Umsóknarfrestur um meistaranámið er til 15. apríl eða 15. október en diplómanámið til 5. júní eða 30. nóvember.

Rafræn umsóknareyðublöð má nálgast á heimasíðu Háskóla Íslands, www.hi.is.

Kostnaður: Árlegt innritunargjald Háskóla Íslands.

Nánari upplýsingar um námið veita:

Elva Ellertsdóttir, deildarstjóri s. 525 4573,
netfang: elva@hi.is

Margrét S. Björnsdóttir, aðjúnkt s. 525 4254,
netfang: msb@hi.is

Skrifstofa Stjórnmálafræðideildar er til húsa í Gimli, gengið í gegnum Odda við Sturlugötu s. 525 4573 eða 525 5445.

Opnunartími: mánud. – föstud. 10:00-12:00 og 13:00-15:30.

Námskeiðslýsingar og nánari upplýsingar er að finna í Kennsluskra HÍ, www.kennsluskra.hi.is og í bæklingi um framhaldsnám á heimasíðu Stjórnmálafræðideildar, www.stjornmal.hi.is.



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

STJÓRN MÁLAFRÆÐIDEILD